

5691100

Ritstjórn: ritstjorn@mbl.is
 Auglýsingar: augl@mbl.is
 Áskrift: askrift@mbl.is | sími 5691100
 mbl.is: netfrett@mbl.is



Morgunblaðið

FÖSTUDAGUR 28. MARS 87. DAGUR ÁRSINS 2014

»MEST LESIÐ Á mbl.is

1. Hafa ekki greitt af skuldum í ...
2. Fann móður sína eftir 27 ár
3. Ánafnar Jagger allt
4. Anthony Hopkins mærir Ísland

Urriðaholtið aftur á kortið

● Byggja hundruð nýrra íbúða ● Hringrásin er farin af stað

Sigurður Bogi Sævarsson
 sbs@mbl.is

„Urriðaholtið er vel skipulagt hverfi, staðsetningin góð og umhverfið fallett. Ég vil því trúa að hér verði gott að búa enda skynjum við að fólk er áhugasamt um að setja sig hér niður,“ segir Grímur Halldórsson byggingaverktaki.

Á vegum um það bil tíu fyrirtækja er nú verið að byggja á þriðja hundruð íbúðir í fjölbýlishúsum í Urriðaholti í Garðabæ. Þetta gerist eftir mörg mögur ár. Flest stöðvaðist í hrúninu, en nú mjakast hlutirnir aftur af stað svo sem í Úlfarsárdal í Reykjavík, eftir byggðum Kópavogs og í Urriðaholtinu.

Verður fokhelt í júní

Nokkuð er síðan fólk flutti inn í fyrstu einbýlishúsin þar, en nú er verið að byrja þar á hverri blokkinni á fætur annarri. Grímur Halldórsson, sem stendur að verktakafyrirtækinu Seles, er með lóðirnar að Holtavegi 31-33. Þar reisir hann hús með alls átján íbúðum, 93-165 fermetra. Hefur svo tryggt sér tvær lóðir til viðbótar með frekari framkvæmdir í huga.

„Við höfum framkvæmdir í haust. Erum núna búnir að steypa upp tvær hæðir af fjór- um hér í Holtavegsblokkinni og húsið verður fokhelt í júní,“ segir Grímur. „Ætlanir gera ráð fyrir að íbúðirnar, sem fara á söluskrá strax eftir páskana, verði tilbúnar í febrúar á næsta ári. Þeir sem hafa sýnt áhuga eru meðal annars einbýlishúsaafólk sem vill minnka við sig – en auðvitað ýmsir fleiri. Slíkt er auðvitað bara hringrás, fólk færir sig milli eigna þannig að til dæmis minni eignir í fjölbýlishúsum losna. Almennt er mikil eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði og þá sérstaklega minni eignum.“

Kaup verði viðuráðanlegri

Grímur telur mikilvægt að stjórnvöld skapi ungu fólk þá svigrúm að geta keypt sér íbúð. Að hafa eigið fé í fyrstu útborgun, kannski 5-7 milljónir kr., sé talsverður hjalli að komast yfir sem þurfi að vera greiðfærari. „Vonandi eru þær aðgerðir sem ríkisstjórnin kynnti í vikunni fyrsti áfanginn í þá átt að fasteignakaup verði ungu fólkviðuráðanlegri,“ segir Grímur.



Morgunblaðið/Póður

Byggir Mikilvægt að fasteignakaup verði ungu fólkviðuráðanlegri, segir verktakinn Grímur Halldórsson.

FULLBYGGT HVERFI MEÐ UM 1.500 ÍBÚÐUM ÞAR SEM UM 5.000 MANNS MUNU BÚA

Margir byggingakranar eru ekki váboði


Á næstu árum verða væntanlega teknar í gagnid um 300 íbúðir í Urriðaholti, en í hverfinu fullbyggðu verða þær um 1.500 og íbúarnir um 5.000. Hverfið liggur vel við helstu samgönguáðum, verslanir eru skammt undan sem og útivistarsvæði. Þá er byrjað að hanna skóla sem verður tekinn í notkun eftir tvö ár. Þar verða grunn- og leikskóli undir sama þaki.



„Fyrir karla eins og mig sem hafa verið í verktakastarfsemi og byggingariðnaði alla tíð er gam-

an að finna að hlutirnir eru aftur að komast á hreyfingu. Hér eru margir byggingakranar en fyrir hrun var mikill fjöldi þeirra talinn hættumerki enda myndaðist þá offramboð á eignum. Stundum er sagt að á markaðinn þurfi 1.600 til 2.000 nýjar íbúðir á ári, það hefur ekkert verið byggt í fimm ár og nú erum við að byggja rúmlega 200 íbúðir í Urriðaholtinu og fleiri í farvatninu. Kranarnir eru þá væntanlega ekki svo margir að váboði sé,“ segir Grímur.

FÓLK Í FRÉTTUM



„Karrívestri“ á kvikmyndahátíð

Indversk kvikmyndahátíð verður haldin í annað sinn í Bíó Paradís dagana 8.-13. apríl en fyrsta hátíðin var haldin fyrir tveimur árum. Fimm nýlegar kvikmyndir og ein sigild, „karrívestrin“ Sholay sem talinn er meðal bestu indversku kvikmynda á síðustu öld, verða sýndar á hátíðinni.

Fiðlusnillingur með frægri kammersveit

Nýjasti handhafi Tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs, finnski fiðluleikarinn Pekka Kuusisto, kemur fram ásamt hinni víðfrægu kammersveit Mahler Chamber Orchestra á Reykjavík Midsummer Music-tónlistarhátíðinni í Hörpu í júní. Kuusisto var einungis 17 ára þegar hann bar sigur úr býtum í Sibeliusarkeppninni.



Dagskrá með Katrínu í Washington DC

Listsköpun Katrínar Sigurðardóttur myndlistarkonu var kynnt í dagskrá í virtu safni, Phillips Collection, í Washingtonborg í gær, í samstarfi við George Washington-háskólann, og ræddi hún við gesti. Sýningin á Fenejaverki Katrínar, Foundation, verður senn opnuð í Sculpture Center í New York.



ÍÞRÓTTIR



Verður hægt að stöðva KR-inga?

KR-ingar urðu í gærkvöld fyrstir til að tryggja sér sæti í undanúrslitum Íslands- móts karla í körfuknattleik eftir þriðja sigurinn á Snæfelli í jafnmörgum leikjum liðanna. KR-ingar voru einfaldlega of sterkir fyrir Hólmar og erfitt er að sjá eitthvert lið koma í veg fyrir að þeir verði Íslandsmeistarar. Grindavík er komin í 2:1 gegn Þór frá Þorlákshöfn. »4

Akureyringar geta sloppið við umspilið

Akureyringar geta enn forðast að lenda í umspili um áframhaldandi sæti í úrvalsdeild karla í handknattleik eftir að þeir lögðu FH-inga að velli í Kaplakrika, 28:26. Þar með geta bæði FH og ÍBV, sem tapaði fyrir ÍR, endað í sjöunda og næstnæsta sætinu. Valsmenn eru komnir í úrslitakeppnina og Framarar eiga alla möguleika á fjórða sætinu. »2-3




Berjast við Spán um bronsið í kvöld

Íslenska kvennalandsliðið í ishokki tapaði í gærkvöld 3:0 fyrir sterku liði Króatíu á HM sem stendur yfir í Laugardal. Þar með er ljóst að Ísland á ekki lengur möguleika á að ná efsta sæti riðilsins og komast þar með upp í A-riðið 2. deildar. Liðið getur enn unnið til bronsverðlauna en til þess þarf það að vinna sigur á Spánverjum í kvöld kl. 20. »1



VEÐUR



SPÁ KL. 12.00 Í DAG Viða hægur vindur á landinu og yfirleitt þurr. Hiti 1 til 7 stig að deginum, en vægt næturfröst, einkum í innsveitum.

Á laugardag og sunnudag Hæg suðaustan- og austanátt og yfirleitt bjart í veðri, en 5-10 m/s með suðurströndinni og súl af og til. Hiti 2 til 7 stig, frýstir allvíða að nærtlagi, einkum í innsveitum.



Skannaðu kóðann með símanum þínum og fylgstu með veðrinu á mbl.is

VEÐUR » 8

www.mbl.is